

Uppgjör Nýherja hf. fyrir þriðja ársfjórðung 2008

Helstu niðurstöður fyrir níu mánuði ársins 2008

- Sala á vöru og þjónustu nam 10.729 mkr og jókst um 38% miðað við sama tímabil í fyrra
- EBITDA var 393 mkr en 489 mkr árið 2007
- Eiginfjárlutfall 25% eftir 730 mkr gengistap
- Tap á árinu nam 694 mkr samanborið við 302 mkr hagnað á sama tíma í fyrra
- Innleiðing á nýju viðskiptamódeli að hefjast en það eykur hagkvæmni og sérhæfingu dótturfélaga

Þórður Sverrisson, forstjóri:

„Rekstur grunnstarfsemi Nýherja er samkvæmt áætlun í ársfjórðungnum og skilar ágætri afkomu fyrir fyrstu níu mánuðina. Sama gildir um hluta dótturfélaga hérlendis og fyrir hugbúnaðarstarfsemi erlendis. Tekjur erlendra dótturfyrirtækja Nýherja eru nú um 22% af heildartekjum samstæðunnar og eykur það stöðugleika í rekstri félagsins.

Nýtt viðskiptamódel Nýherjasamstæðunnar, sem unnið hefur verið að frá því í vor, var kynnt í byrjun október og lýkur innleiðingu í nóvember. Markmið þess er að skerpa þjónustu við viðskiptavinum, með sérhæfingu dótturfélaga á einstökum sviðum, ásamt því að auka hagkvæmni í rekstri félagsins.

Starfsemi Nýherja er fjölbætt og dreifð, fjárhagsstaða traust og er eiginfjárlutfall 25,4%, þrátt fyrir gjaldfærslu á 730 mkr. gengistapi á árinu.“

Rekstrarniðurstaða fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2008

Fyrstu níu mánuðir ársins – Lykiltölur Upphæðir í þús ISK		
	9 mánuðir 2008	9 mánuðir 2007
Seldar vörur og þjónusta	10.729.485	7.776.720
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu	-5.158.620	-4.342.662
Vergur hagnaður	5.570.865	3.434.058
Laun og launatengd gjöld	-4.344.593	-2.382.301
Rekstrarkostnaður	-1.197.345	-651.746
Rekstrarhagnaður (EBIT)	233.265	414.563
Hrein fjármagnsgjöld	-1.058.294	-47.218
Tap/Hagnaður fyrir tekjuskatt	-825.029	367.345
Tekjuskattur	130.850	-65.046
Hagnaður (tap) ársins	-694.179	302.299
EBITDA	393.300	489.487
EBITDA hlutfall	3,7%	6,3%
Meðalfjöldi stöðugilda	714	464

Sala á vöru og þjónustu nam rúmlega 10.729 mkr fyrstu níu mánuði ársins, samanborið við 7.776 mkr á sama tímabili í fyrra. Sala hefur því aukist um 38%. Tekjur starfseminnar á Íslandi námu 8.396 mkr en 2.333 mkr í erlendum dótturfélögum.

Laun og launatengd gjöld námu 4.345 mkr en voru 2.382 mkr fyrir sama tímabil í fyrra. Meðalfjöldi stöðugilda fyrstu níu mánuði ársins var 714. Hækkun launa skýrist af mikilli fjölgun starfsmanna og einnig af hækkun launa erlendra starfsmanna mælt í íslenskum krónum.

Rekstrarkostnaður var 1.197 mkr fyrstu níu mánuði ársins en var 652 mkr á sama tíma í fyrra. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 393 mkr á tímabilinu en var 489 mkr á sama tímabili í fyrra.

Hrein fjármagnsgjöld voru 1.058 mkr í samanburði við 47 mkr á sama tímabili í fyrra. Aukningu á fjármagnsgjöldum má rekja til 58% lækkunar krónunnar á tímabilinu og meiri skuldsetningar samtæðunnar vegna kaupa á fyrirtækjum. Tap fyrstu níu mánuði ársins var 694 mkr en hagnaður fyrir sama tímabil í fyrra nam 302 mkr.

Efnahagsreikningur 30.09 2008– Lykiltölur		
Upphæðir í þús ISK		
	30.9 2008	31.12. 2007
Fastafjármunir	5.258.072	2.363.717
Veltufjármunir	3.884.514	3.297.573
Eignir samtals	9.142.586	5.661.290
Eigið fé	2.323.825	1.763.961
Langtímaskuldir	2.578.358	1.180.633
Skammtímaskuldir	4.240.403	2.716.696
Eigið fé og skuldir samtals	9.142.586	5.661.290

Heildareignir í lok tímabilsins voru 9.142 mkr samanborið við 5.661 mkr í lok síðasta árs. Langtímaskuldir jukust úr 1.180 mkr um sl. áramót í 2.586 mkr í lok september og skammtímaskuldir jukust úr 2.716 mkr í 4.259 mkr á sama tíma. Eigið fé í lok september var 2.324 mkr sem er 32% hækkun frá áramótum. Hækkunina má meðal annars rekja til útgáfu á nýju hlutafé í apríl en tap frá áramótum kemur til lækkunar á eigin fé.

Rekstrarniðurstaða á þriðja ársfjórðungi 2008

Fjórðungsyfirlit – Lykiltölur	Upphæðir í þús ISK				
	F3 2008	F2 2008	F1 2008	F4 2007	F3 2007
Seldar vörur og þjónusta	3.600.275	3.755.771	3.373.436	3.524.707	2.750.060
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu	-1.813.029	-1.775.323	-1.570.268	-1.975.244	-1.606.412
Vergur hagnaður	1.787.246	1.980.448	1.803.168	1.549.463	1.143.648
Laun og launatengd gjöld	-1.425.538	-1.550.423	-1.368.632	-912.601	-770.371
Rekstrarkostnaður	-360.989	-448.803	-387.553	-486.548	-217.166
Rekstrarhagnaður (EBIT)	69.625	63.589	100.051	190.172	158.892
Hrein fjármagnsgjöld	-389.414	-155.031	-513.849	-48.680	-57.492
Hagnaður fyrir tekjuskatt	-319.789	-91.442	-413.789	140.843	101.400
Tekjuskattur	57.930	519	72.401	-88.258	-8.089
Hagnaður (tap) ársins	-261.859	-90.923	-341.397	117.631	93.311
EBITDA	124.929	123.080	145.291	220.400	184.368
EBITDA hlutfall	3,5%	3,3%	4,3%	6,3%	6,7%
Meðalfjöldi stöðugilda	737	755	734	482	464

Sala á vöru og þjónustu nam rúmlega 3.600 mkr á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 2.750 mkr á sama tímabili í fyrra. Sala hefur því aukist um 31% frá þriðja ársfjórðungi í fyrra.

Laun og launatengd gjöld námu 1.426 mkr en voru 770 mkr fyrir sama tímabil í fyrra. Heildarfjöldi stöðugilda í lok tímabilsins var 721.

Rekstrarkostnaður var 361 mkr á þriðja ársfjórðungi en var 217 mkr á sama tíma í fyrra. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 125 mkr á tímabilinu en var 188 mkr á sama tímabili í fyrra.

Rein fjármagnsgjöld voru 389 mkr í samanburði við 57 mkr árið á undan. Tap í fjórðungnum nam 262 mkr. Hagnaður í þriðja ársfjórðungi í fyrra nam 93 mkr.

Yfirlit yfir rekstur

Nýtt viðskiptamódel fyrir Nýherjasamstæðuna var kynnt í byrjun október og verður innleitt í nóvembermánuði. Með því mun félagið skerpa sýn og áherslu á völdum sérsviðum og skapa dótturfélögum sveigjanleika og sóknarfæri. Einnig næst fram kostnaðarleg hagkvæmni og samlegð í sölustarfsemi.

Nýherji verður móðurfélag sex megin dótturfélaga, en innan Nýherja verður einnig sala og vörustjórnun á tölvu- og tæknibúnaði.

Megin dótturfélög Nýherja eru eftir breytinguna:

- Skyggvir ehf. sérhæft á sviði bestunar UT kerfa, samþættingu samskiptalausna og rekstrarþjónustu.
- Sense ehf. fyrir stafrænar lausnir, svo sem fyrir hljóð- og myndbúnað.
- TM Software ehf. með áherslu á viðamikla hugbúnaðarþróun og samþættingu kerfa.
- Applicon ehf. með áherslu á viðskiptahugbúnað, fjármálalausnir og sérhæfðar atvinnugreinalausnir.
- Nýtt félag verður stofnað um alla sameiginlega stoðþjónustu fyrir samstæðuna.
- ParX ehf. sem mun áfram sérhæfa sig í viðskiptaráðgjöf.

Hluti af starfsemi Nýherja mun flytjast að Urðarhvarfi 6 í Kópavogi, þar sem TM Software er nú til húsa, en félagið verður einnig með starfsemi í húsnæði Nýherja að Borgartúni 37.

Rekstur kjarnastarfsemi Nýherja hefur gengið vel það sem af er þessu ári og er afkoma nærri áætlun. Ágætt sala hefur verið í miðlægum tölvulausnum, gagnageymslulausnum og í hönnun og uppbyggingu tölvurýma. Ennfremur var töluverð eftirspurn eftir samskiptalausnum, svo sem IP símkerfum og fjarfundalausnum, svo og hýsingarþjónustu. Sala á prentsmiðjulausnum hefur verið á áætlun. Sala á einmenningstölvum er hins vegar minni en á sama tíma í fyrra.

Afkoma Applicon fyrirtækjanna er jákvæð, einkum hjá Applicon AB í Svíþjóð og Applicon A/S í Danmörku. Í þessum félögum er verkefnastaðan góð og í takt við væntingar. Hins vegar hefur rekstur Applicon ehf. á Íslandi reynst þungur. Þá var halli á starfsemi Applicon Solutions A/S í Danmörku og Applicon Solutions Ltd. í Bretlandi.

Rekstur Dansupport A/S í Danmörku hefur verið endurskipulagður og þar eru söluhorfur góðar og er gert ráð fyrir að starfsemi þess nái jafnvægi á árinu.

Hugbúnaðarstarfsemi TM Software hefur skilað ágætum hagnaði en unnið er að margþættum breytingum í rekstrarþjónustu til þess að ná betri afkomu úr þeirri starfsemi. Meðal annars mun Skyggvir starfa sem sérstakt félag og starfsemi tæknideilda Nýherja verða hluti af því. Þessi breyting gefur félaginu margþætt sóknarfæri, svo sem í verkefnum erlendis.

Horfur

Horfur um rekstur hérlendis eru nú óljósari en áður og óvissa meiri vegna áhrifa af breytingum á rekstri viðskiptabanka og stöðu á fjármálamörkuðum. Þótt samdráttur kunnir að verða í vörusölu hérlendis eru þjónustutekjur nokkuð stöðugar, auk þess sem tekjur og afkoma erlendra dótturfélaga Nýherja er ágæt. Vegna óvissunnar má ætla að afkoma Nýherja samstæðunnar verði nokkuð undir áætlun í fjórða ársfjórðungi, en brugðist verður við breyttum aðstæðum með hagræðingaraðgerðum. Lögð er áhersla á að undirstöður í rekstri Nýherja eru traustar og skuldsetning hófleg, en í ljósi stöðunnar í efnahagsmálum er afar erfitt að spá fyrir um rekstrarforsendur næstu mánaða.

Samþykkt árs hlutareiknings.

Árs hlutareikningur fyrir þriðja ársfjórðung 2008 fyrir Nýherja hf. var samþykktur á stjórnarfundum 22. október. Árs hlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

Fjárhagsdagatal fyrir 2008

Áætluð birting árshlutauppgjörs fyrir árið 2008.

Fjórði ársfjórðungur	23. janúar 2009
Aðalfundur Nýherja 2009	6. febrúar 2009

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir:

Pórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, í síma +354 893 3630.

Nýherji hf

Hlutverk Nýherja hf. er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan tölvu-, skrifstofu- og hugbúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Félög Nýherja samstæðunnar eru 20 bæði hér heima og erlendis og er heildarfjöldi stöðugildi 721. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í OMX Kauphöll Íslands.

Stjórn Nýherja: Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Árni Vilhjálmsson og Guðmundur Jóh. Jónsson. Pórður Sverrisson er forstjóri Nýherja.